

**1977 nr. 5 24. mars****Lög um opinberar fjársafnanir**

Tóku gildi 29. apríl 1977. *Breytt með* l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 145/2013 (tóku gildi 1. febr. 2014 nema 2.–4. mgr. 24. gr. sem tóku gildi 1. júní 2014) og l. 51/2014 (tóku gildi 31. maí 2014 nema 3. og 4. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2015).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

□ Heimilt er stofnunum, félögum eða samtökum manna að gangast fyrir opinberum fjársöfnunum í sérhverjum löglegum tilgangi.

□ Nú gangast samtök fyrir fjársöfnun, og skulu þá minnst þrír menn bera ábyrgð á söfnuninni hverju sinni, og skulu a.m.k. tveir þeirra vera fjárráða íslenskir ríkisborgarar, sem lögheimili eiga hér á landi.

**■ 2. gr.**

□ Fjársöfnun er opinber, ef henni er beint til annarra en þeirra, sem tengdir eru persónulegum eða félagslegum tengslum við þá, sem fyrir slíkum fjársöfnunum standa, eða standa í sérstöku sambandi við þá.

**■ 3. gr.**

□ Tilkynna skal viðkomandi [sýslumanni]<sup>1)</sup> opinbera fjársöfnun, áður en hún hefst. Tilkynning skal send [sýslumanni],<sup>1)</sup> þar sem stofnun eða félag hefur varnarþing.

□ Ef stofnun eða félag stendur ekki fyrir fjársöfnun, skal tilkynna hana til [sýslumanns],<sup>1)</sup> þar sem einhver þeirra, sem ábyrgð bera á söfnuninni, á lögheimili.

□ Slík tilkynning skal bera með sér:

- hver standi fyrir fjársöfnuninni,
- hvenær fjársöfnun skuli fara fram,
- hvar fjársöfnun skuli fara fram,
- hvernig fjársöfnun skuli fara fram,
- og í hvaða tilgangi fjársöfnun fer fram.

<sup>1)</sup> L. 51/2014, 12. gr.

**■ 4. gr.**

□ Opinber fjársöfnun á götum eða í húsum er háð leyfi [sýslumanns].<sup>1)</sup> [Ráðherra er heimilt að ákveða að leyfisveiting verði á hendi eins sýslumanns.<sup>2)</sup> Fjársöfnun með keðjubréfum er óheimil.

<sup>1)</sup> L. 145/2013, 8. gr. <sup>2)</sup> Rg. 786/2008, sbr. 107/2014 og 1152/2014.

**■ 5. gr.**

□ Fé því, sem safnast kann, skal komið fyrir á banka- eða gíróreikningi, sem stofnaður er í þessu sérstaka tilefni.

□ Óheimilt er að nota féð í öðrum tilgangi en upphaflega var ætlað, nema með leyfi [sýslumanns].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 145/2013, 9. gr.

**■ 6. gr.**

□ Halda skal nákvæmt reikningshald yfir söfnunarfé og öll útgjöld við hverja fjársöfnun. Skal reikningshaldið endurskoðað af löggiltum endurskoðanda eða þeim, er [sýslumaður]<sup>1)</sup> kann að útnefna til slíks.

<sup>1)</sup> L. 145/2013, 9. gr.

**■ 7. gr.**

□ Áður en 6 mánuðir eru liðnir frá því að fjársöfnun lýkur, skal reikningsyfirlit hennar birt a.m.k. einu sinni í dagblaði, vikublaði eða á annan hátt. Sé söfnunarfé undir þeirri upphæð, sem ákveðin er í reglugerð, nægir þó að tilkynna opinberlega, að reikningsyfirlit fjársöfnunarinnar sé til sýnis í a.m.k. 14 daga á nánar tilteknum stað.

□ Nú stendur söfnun yfir um lengri tíma en eitt ár, og skal þá með sama hætti birta opinberlega ársreikning innan 6 mánaða frá lokum hvers almanaksárs. Heimilt er [sýslumanni]<sup>1)</sup> að framlengja fresti þessa. Yfirlýsingu samkvæmt 2. málsl. 6. gr. skal og birta með sama hætti.

□ Viðkomandi [sýslumaður]<sup>1)</sup> skal og sent reikningsyfirlit söfnunarinnar ásamt tilkynningu um, hvar og hvenær birting skuli fara fram.

□ Nú liggja ekki fyrir gögn um notkun söfnunarfjár, þegar reikningi er lokað, og skal þá endurskoðandi síðar gefa skýrslu þar um.

<sup>1)</sup> L. 51/2014, 12. gr.

**■ [8. gr.]**

□ Ákvarðanir sýslumanns samkvæmt lögum þessum eru kærnanlegar til ráðuneytis.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 145/2013, 10. gr.

**■ [9. gr.]<sup>1)</sup>**

□ Lög þessi gilda ekki um:

- Söfnun á notuðum verðlitlum hlutum.
- Fjársafnanir á vegum dagblaðs í opinberu góðgerðarskyni, ef viðkomandi dagblað birtir skrá yfir framlag allra gefenda. Enn fremur skal viðkomandi dagblað birta viðurkenningu þeirra, er veita fénu viðtöku að söfnun lokinni.
- Fjársafnanir á samkomum.

<sup>1)</sup> L. 145/2013, 10. gr.

**■ [10. gr.]<sup>1)</sup>**

□ [Ráðuneytið]<sup>2)</sup> getur sett nánari reglur<sup>3)</sup> um framkvæmd laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 145/2013, 10. gr. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 109. gr. <sup>3)</sup> Rg. 786/2008, sbr. 107/2014 og 1152/2014.

**■ [11. gr.]<sup>1)</sup>**

□ Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggji við að öðrum lögum.

<sup>1)</sup> L. 145/2013, 10. gr.